



Ársuppgjör 2025


Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri

Hreiðar Bjarnason
Framkvæmdastjóri Fjármála




Landsbankinn – stærsta alhliða fjármálafyrirtæki á Íslandi

Rekstrartekjur án virðisbreytinga



Sambætt þjónusta

Aðgengileg í appi, netbanka og um allt land



Útlán*

29,1%

Innlán**

36,8%

Heildareignir

2.325
ma.kr.

Eiginfjárlutfall

24,8%

Lánshæfismat S&P Global

A-/A-2

Stöðugar horfur



LANDSBRÉF

Áhættumat vegna UFS-pátta



Framúrskarandi

*Markaðshlutdeild í útlánnum lánaðafyrirtækja
**Markaðshlutdeild í innlánum innlánsstofnana
Heimild: Seðlabankinn, 30. nóvember 2025

Landsbankasamstæðan skilar traustri afkomu fyrir árið 2025

Hagnaður

38

ma.kr.

Arðsemi eiginfjár

11,6%

Samsett hlutfall TM

94,9%

Hreinar vaxtatekjur

+9%

Hreinar þjónustutekjur

+10%

Kostnaðarhlutfall (K/T)

34,3%

Heildarútlán

1.884

ma.kr.

Heildarinnlán

1.249

ma.kr.

Eigið fé

344

ma.kr.

Arðsemi eiginfjár er 11,6% og öllum fjárhagslegum markmiðum bankans fyrir árið 2025 var náð.

Hreinar vaxtatekjur hækka um 4,9 milljarða á milli ára og á sama tíma stendur vaxtamunur í stað í 2,7%. **Hreinar þjónustutekjur** hækka um 1,2 milljarða á milli ára.

Rekstrarkostnaður hækkar í takt við verðlag og stækkun samstæðunnar og **kostnaðarhlutfall** bankans helst lágt.

Virðisrýrnun útlána og krafna var neikvæð um 1,2 milljarða. **Vanskil** eru enn lág í sögulegu samhengi.

Heildarútlán aukast um 4,3% á árinu. Útlán til fyrirtækja aukast um 75 milljarða og útlán til einstaklinga aukast um 2 milljarða.


Fjármögnun hefur gengið vel. Fjölbreytni og hagkvæmni í fjármagnsskipan jókst á fyrri helmingi ársins með útgáfu AT1-skuldabréfa og víkjandi forgangsbréfa. Öll skuldabréfaútgáfa bankans í evrum er nú græn.

Lánshæfismat bankans var hækkað í A- á fyrri hluta ársins.

Arðgreiðsla ársins til hluthafa nam 18,9 milljörðum, eða sem nemur helmingi af hagnaði ársins 2024.

Bankinn er með **sterka eiginfjárstöðu**. Eiginfjárhlutfallið er 450 punktum yfir 20,3% kröfu eftirlitsaðila. Vogunarhlutfallið er 13,6%.

Gott útlánasafn og fjölbreytni í tekjum eru lykillinn að stöðugum árangri



Hreinar **vaxtatekjur** hækka um 9% á meðan hreinar **þjónustutekjur** hækka um 10%.

Krefjandi markaðsaðstæður á verðbréfamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á afkomu **hlutabréfa**.

Afkoma **vátryggingarsamninga*** er alls 1,7 milljarðar. Tryggingar eru í fyrsta sinn hluti af ársuppgjöri samstæðunnar.

Virðisbreytingar útlána eru neikvæðar um 1,2 milljarða. Það er rúmlega helmingi minni rýrnun en á fyrra ári þegar virðisbreytingar voru neikvæðar um 2,8 milljarða.

Heildarskattgreiðslur fyrir árið 2025 nema 19 milljörðum og þar af eru 3,5 milljarðar sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki.

*Á tímabilinu 28. febrúar til 31. desember

Öruggur rekstur á fjórða ársfjórðungi

Vaxtatekjur dragast lítillega saman á milli fjórða fjórðungs 2024 og 2025 en þjónustutekjur hækka á sama tímabili.

Hagnaður

8,6

ma.kr.

Hreinar þjónustutekjur

+3,0%

Hreinar vaxtatekjur


-3,1%

Arðsemi eiginfjár

10,1%

Kostnaður sem hlutfall af tekjum
(K/T hlutfall)

42,2%





Kraftmikil þróun og ánægðir viðskiptavinir



**Allt er mögulegt
í appinu ...**

Tryggingarnar
komnar í appið

Nýjar **sparnaðarleiðir**
í viðbótarlífeyrissparnaði

 Öruggeri greiðslur
með **Click to Pay**

85% umsókna um
íbúðalán eru
afgreiddar rafrænt

Mikil ánægja með þjónustuna

4,7 af 5

Heildaránægja

131.200

virkir viðskiptavinir
+ 2,800 á árinu

4,8 af 5

Ánægja með
bókaða ráðgjöf

40,2%

markaðshlutdeild á
einstaklingsmarkaði

Appið er í fyrsta sæti

88% einstaklinga í
viðskiptum nota
Landsbankaappið

68% nota einungis appið

Ánægja
með appið
4,8 af 5



Söfnun: 713 milljónir
+ 11%

Notkun: 671 milljón
+ 15%


200+
samstarfs-
aðilar



**Ellí verður
sífellt snjallari**

32.588 fengu svör
frá spjallmenninu Ellí

81% gefa henni
þumalinn upp





Framúrskarandi bankaþjónusta, hvar og hvenær sem er

Öflugar sjálfsafgreiðslulausnir

52,5 milljónir |
heimsókna í appið

Yfir **1 milljón** |
færslna í hraðbönkum

558.675 afgreiðslur í
sjálfsafgreiðslutækjum í útibúum

13 milljónir |
heimsókna á landsbankinn.is

Rúmlega **9 milljónir** |
innskráninga í netbanka



Mannleg þjónusta um allt land

34 |
útibú og afgreiðslur

862.811 heimsóknir
í útibú á afgreiðslutíma

89.764 |
erindi við gjaldkera

Þjónustuverið svaraði
251.482 símtölum og
104.755 tölvupóstum

22.459 nýttu sér
vefspjall við ráðgjafa

Svikavaktin afgreiddi **8.788** erindi
og í **75%** tilfella tókst að koma í veg fyrir tjón





Altt sem þú þarft

Samþættum og einföldum aðgengi að fjármálum og tryggingum

Eignastýring og fjárfesting

936 milljarðar
í stýringu
í árslok

Mætir þörfum
fjölbreyttra fjárfesta
43 sjóðir í rekstri

39.000
með samning um
verðbréfavíðskipti

Nýr 15 milljarða
framtakssjóður
Horn V



TM

Tryggingar

Tryggingarnar komnar í
**Landsbanka-
appið**


Tryggingaráðgjöf í
5 útibúum bankans

Bankatryggingarhlutfall
Einstaklingar: **17,6%**
Fyrirtæki: **20,2%**

Safna
Aukakrónum með
TM tryggingum

Stærsti fyrirtækjabanki á Íslandi

Við fjármögnum byggingu
húsnæðis um allt land



Nýr
netbanki
fyrirtækja



Velta
færsluhirðingar
nær þrefaldast
á árinu



Ánægja

4,2 af 5

Útlána-
aukning


75
milljarðar






Enn hagkvæmari fjármagnsskipan

Nýttum hagfelld skilyrði á erlendum mörkuðum og breikkuðum fjármögnunargrunn bankans



Traust og fjölbreytt fjármögnun





Öflug lærdómsmenning

Sterk og samheldin liðsheild

Heildaránægja
starfsfólks mælist

4,49 af 5

Ein hæsta mæling frá upphafi

Umfangsmikil

sérnsiðin rafræn fræðsla

útbúin til að styðja
breytingar og samþættingu

Mannauðsstefna uppfærð

Jafnrétti

Fjölbreytni

Inngilding

90%

starfsfólks sótti sér valkvæða
fræðslu

Sterk áhættumenning

97%

starfsfólks telur sig hafa mjög
góða þekkingu á reglum sem
gilda um störf þeirra

TM og Landsbréf nú hluti af
vinnustaðakönnunum

95%

starfsfólks er ánægt með
fyrirtækið sem vinnustað



Traustur bakhjarl

Við styðjum fjölmarga mikilvæga viðburði í samfélaginu og erum virk í að styrkja nýtt og spennandi starf



Hreysti og heilsa

- Aukakrónuhlaup Ármanns
- Fjölskylduhlaup TM
- Skólahreysti
- KSÍ og EM kvenna í fótbolta
- TM mótið í Eyjum



Nýsköpun

- Drift EA – nýsköpun og frumkvöðlastarf
- KLAK – frumkvöðlakeppnin Gulleggið
- Hönnunarmars
- Hvatningarverðlaun TM í sjávarútvegi



Kvennaárið

- TM endurgreiðir iðgjald fyrir þær sem mæta í krabbameinsskimun
- Listakonur á listaverkavef bankans
- Samstarf við UN Women
- Endurnýjað samstarf við Svanna



Fögnuður og framþróun


- Samfélagsstyrkir og námsstyrkir
- Almannarómur – áttak um stafræna framtíð íslenskunnar
- Hamborgartréð og jólaheimsókn í bankann
- Hvatasjóður bankans og HR

Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

Sterk fjárhagsstaða og traustur rekstur skilar góðri arðsemi og lágu kostnaðarhlutfalli

Arðsemi

Arðsemi eiginfjár



2025 Markmið


11,6% ≥ 10%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt arðsemi eiginfjár á árinu 2026 er 11-13%.

Skilvirkni

Kostnaðarhlutfall (K/T)



2025 Markmið


34,3% ≤ 40%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt K/T hlutfall á árinu 2026 er 32-35%.

Fjárhagslegur styrkur

Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)




2025 Markmið

21,2% ≥ 18%

Leiðbeinandi viðmið

Markmið bankans er að almennt eigið fé þáttar 1 sé yfir 18%, en jafnframt stefnir bankinn á að vera áfram í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárlutfall eins og það er metið af viðeigandi lánshæfismatsfyrirtækjum.

Arðgreiðslur



2025 Markmið

✓ 50%

Leiðbeinandi viðmið

Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs. Einnig er stefnt að sérstakri arðgreiðslu á árinu 2026.

— Regluleg arðgreiðsla / Hagnaður fyrra árs
■ Sérstök arðgreiðsla
■ Regluleg arðgreiðsla



A photograph of a family of three sitting on a grassy cliff overlooking the ocean. The father is on the left, smiling, wearing a dark jacket and light pants. The mother is on the right, wearing a quilted jacket, looking down at a baby sitting between them. The baby is wearing a white bonnet and a dark sweater. The background shows a calm sea and distant hills under a clear sky. A semi-transparent orange banner is at the bottom left.

Rekstrarreikningur


Rekstrarreikningur

	2025	2024	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	62.087	57.197	4.890	9%
Hreinar þjónustutekjur	12.561	11.405	1.156	10%
Afkoma af vátryggingarsamningum	1.748	0	1.748	0%
Hrein virðisbreyting	-1.150	-2.772	1.622	-59%
Aðrar rekstrartekjur	8.965	13.873	-4.908	-35%
Rekstrartekjur samtals	84.211	79.703	4.508	6%
Laun og launatengd gjöld	18.100	16.534	1.566	9%
Annar rekstrarkostnaður	11.163	10.202	961	9%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	2.739	2.597	142	5%
Rekstrargjöld samtals	32.002	29.333	2.669	9%
Hagnaður fyrir skatta	52.209	50.370	1.839	4%
Tekjuskattur	14.194	12.862	1.332	10%
Hagnaður tímabilsins	38.015	37.508	507	1%


	4F 2025	4F 2024	Breyting	
	12.718	13.107	-389	-3%
	3.377	3.337	40	1%
	1	0	1	0%
	1.789	-754	2.543	-337%
	2.506	5.410	-2.905	-54%
	20.391	21.100	-709	-3%
	5.066	4.529	537	12%
	2.792	2.633	159	6%
	712	642	70	11%
	8.570	7.804	766	10%
	11.821	13.296	-1.475	-11%
	3.261	2.696	565	21%
	8.560	10.600	-2.040	-19%

Hreinar rekstrartekjur


Hreinar vaxtatekjur aukast um 9% milli ára, en vaxtamunur helst óbreyttur. Hreinar þjónustutekjur hækka um 10%.




Hreinar vaxtatekjur



Hreinar þjónustutekjur




Aðrar rekstrartekjur (gjöld)




Rekstrargjöld

Rekstrargjöld hækka í takt við væntingar og stöðugildum fjölga með kaupum bankans á TM



Laun og tengd gjöld



Stöðugildi



Annar rekstrarkostnaður og bankaskattur



Skattar

Skattgreiðslur aukast í takt við aukin umsvif og góða afkomu

	2025	2024	Breyting	
Reiknaður tekjuskattur ¹	11.029	10.106	923	9%
Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað ²	3.165	2.756	409	15%
Tekjuskattur	14.194	12.862	1.332	10%
Sérstakur fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki ³	2.739	2.597	142	5%
Sérstakur fjársýsluskattur á laun ⁴	944	800	144	18%
Tryggingagjald ⁵	1.090	924	166	18%
Samtals	18.967	17.183	1.784	10%


¹ Almennur tekjuskattur á lögaðila er 20% vegna tekjuársins 2025 (2024: 21%)

² 6% viðbótarskattur á tekjuskattstofn umfram 1 milljarð króna.

³ Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 0,145% byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs og er greiddur árlega. Skatturinn reiknast af bókfærðu virði skulda, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbært gjald til tekjuskatts.

⁴ 5,5% skattur á laun, bókast meðal launa og tengdra gjalda í ársreikningi.

⁵ 6,35% tryggingagjald á laun, bókast meðal launa og launatengdra gjalda



A warm, sepia-toned photograph of a family of three sitting in a field of tall, dry grass. The father, on the left, is smiling and looking towards the camera. The mother, on the right, is looking down at a baby sitting between them. The baby is wearing a light-colored hat and a dark jacket. In the background, the ocean is visible under a bright sky, with distant hills on the horizon.



Efnahagsreikningur

Heildareignir

Vöxtur efnahagsreiknings er í takt við vöxt undanfarinna ára, en hægt hefur á vexti útlánasafns bankans

	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	126	130	-4	-3%
Markaðsskuldabréf	193	139	54	39%
Hlutabréf	31	33	-2	-6%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	41	39	2	5%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.884	1.807	77	4%
Aðrar eignir	50	34	16	47%
Samtals	2.325	2.182	143	7%


- Útlánasafnið stækkar um 4,3% á árinu 2025, eða sem nemur um 77 milljörðum króna.
- Útlán til fyrirtækja aukast um 8%, en útlán til einstaklinga standa nokkurn veginn í stað.
- Aukin hlutabréfaeign í samstæðunni er einkum afleiðing af eignasafni TM.





Útlán og kröfur á viðskiptavini

Hóflegur útlánavöxtur, en vanskil einstaklinga og fyrirtækja eru áfram lág í sögulegu samhengi

Heildarútlán




Vandræðalán




Útlán til einstaklinga

Verðtryggð íbúðalán aukast áfram, samhliða uppgreiðslum og endurfjármögnun óverðtryggðra íbúðalána

Útlán til einstaklinga




Útlán heimila eftir lánsformum



Dómsmál vegna vaxtabreytingarákvæðis í fasteignalánum til neytenda

- Í desember 2021 var höfðað mál gegn bankanum þar sem þess var krafist að skilmálar um breytilega vexti óverðtryggðs fasteignaláns yrðu dæmdir ólögmatir. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði bankann í málinu. Hæstiréttur samþykkti beiðni stefnanda í málinu um áfrýjun beint til Hæstaréttar.
- Þann 22. desember 2025 kvað Hæstiréttur upp dóm og staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms um sýknu Landsbankans.
 - Annars vegar var skilmáli um breytingar á vöxtum metinn ógildur að því leyti sem þar var vísað til annarra þátta en vaxta Seðlabanka Íslands.
 - Hins vegar taldi Hæstiréttur að þó breytingar á vöxtum lánsins hafi ekki fylgt tafarlaust og nákvæmlega breytingum á stýrivöxtum Seðlabankans, þá hafi slíkt verið innan þess svigrúms sem Landsbankinn hafði samkvæmt skilmálanum.
 - Hæstiréttur staðfesti því niðurstöðu Héraðsdóms um sýknu Landsbankans í málinu.


Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Útlán til fyrirtækja

Góður vöxtur í útlánunum til fyrirtækja, einkum óverðtryggðum útlánunum í krónum


Útlán til fyrirtækja



Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Virðisbreyting útlána

Áframhaldandi lítill vanskil og góð tryggingastaða. Virðisrýrnunarsjóður bankans stendur í 9,1 milljarði króna, sem samsvarar um 0,5% af útlánasafni bankans.


Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina



Áhættukostnaður útlána



Rekstraráhrif virðisrýrnunar



Útlán eftir áhættustigum

	Bókfært virði brúttó		Virðisrýrnunarsjóður		Bókfært virði nettó	
Áhættustig 1	1.709.953	90,3%	2.796	0,2%	1.707.157	90,6%
Áhættustig 2	115.835	6,1%	1.814	1,6%	114.021	6,1%
Áhættustig 3	20.023	1,1%	4.535	22,6%	15.488	0,8%
Gangvirði	47.639	2,5%	0	0,0%	47.639	2,5%
Samtals	1.893.450	100%	9.145	0,5%	1.884.305	100%





Skuldir og eigið fé

Aukin fjölbreytni í fjármögnun bankans, en innlán eru áfram rúmlega helmingur af heildarfjármögnun



	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	20	12	8	67%
Innlán frá viðskiptavinum	1.249	1.228	21	2%
Lántaka	577	529	48	9%
Vátryggingaskuld	26	0	26	
Aðrar skuldir	55	48	7	15%
Víkjandi lántaka	54	40	14	35%
Eigið fé	344	325	19	6%
Samtals	2.325	2.182	143	7%

- Vátryggingarskuld samstæðunnar leiðir af kaupum bankans á TM.
- Aukin víkjandi fjármögnun styrkir arðgreiðslugetu og vaxtarmöguleika bankans.




Innlán frá viðskiptavinum

Áframhaldandi aukning í innlánum heimila, en hægt hefur á innlánavexti í heild





- Innlán heimila hækkuðu um 64 ma.kr. á árinu 2025, en heildarinnlán viðskiptavina jukust um 21 ma.kr. á árinu.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 48% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Lánsfjármögnun

Aukin fjölbreytni í fjármagnsskipan bankans með vel heppnaðri útgáfu verðbréfa viðbótar eiginfjárbáttar 1 (e.AT1) og víkjandi forgangsbréfa (e. SNP)


Sundurliðun lánsfjármögnunar



Útgáfa lánsfjármögnunar




Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar





Hæfar eignir til sjálfbærra verkefna undir sjálfbæru fjármálaumgjörðinni



Helstu áfangar í sjálfbærni

Landsbankinn náði markmiði sínu um að auka hæf útlán undir sjálfbæru fjármálaumgjörðinni um

10%

Landsbankinn leggur áherslu á þrjú heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni



Hlutfall erlendar fjármögnunar sem er græn





64,2%



Mat á sjálfbærnistöðu og -áhættu rekstraraðila
A3 einkunn
90 af 100

Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur




Áhrif innleiðingar CRR III

Eiginfjárlutfall hækkar um 1,0%

	CRR II	CRR III	Breyting
Útlánaáætta	1.372	1.344	-27
Markaðsáætta	15	15	0
Rekstraráætta	152	114	-38
Samtals	1.538	1.473	-65
Eiginfjárlutfall	23,8%	24,8%	1,0%

Áhættugrunnur vegna útlána – skuldbindingaflokkar í CRR III



- CRR III reglugerðin tók gildi á Íslandi í desember 2025. Bankinn hefur metið áhrif breytinganna á áhættugrunn miðað við stöðu 31. desember 2025, með samanburði miðað við að CRR II hefði áfram verið í gildi. Breytingarnar hafa áhrif á útreikning útlánaáættu og rekstraráættu.
- Innleiðing CRR III leiðir til lækkunar á áhættugrunni bankans sem nemur 65 mö.kr. (4,3%) sem leiðir til þess að eiginfjárlutfall alls hækkar úr 23,8% í 24,8%.
- Áhrif vegna útlánaáættu stafa að stærstum hluta af útlánum til viðskiptavina, annars vegar vegna lægri áhættugrunns útlána með veði í fasteignum og hins vegar vegna hærri áhættugrunns framkvæmdalána.
- Framkvæmdalán eru metin sérstaklega undir CRR III og fá langflest framkvæmdalán bankans 150% áhættuvog í árslok 2025, þrátt fyrir tímabundna heimild frá Seðlabanka Íslands um að miða við 20% eiginfjárframlag lántaka í stað 25% viðmiðs byggt á viðmiðunarreglum EBA. Þetta leiðir til 121 ma.kr. aukningar á áhættugrunni bankans.
- Áhættugrunnur vegna íbúðalána bankans lækkar um 86 ma.kr. þar sem mikill meirihluti íbúðalána er undir 55% veðhlutfalli sem fær 20% áhættuvog í stað 35% áður.
- Áhættugrunnur vegna annarra útlána með veði í fasteignum lækkar um 47 ma.kr. þar sem CRR III heimilar fleiri tegundir fasteignaveða og lækkun endurspeglar almennt hófleg veðhlutföll undirliggjandi fasteignalána.
- Eftir innleiðingu CRR III reiknar bankinn áhættugrunn vegna rekstraráættu með staðalaðferð í stað grundvallaraðferðar. Breytt aðferðafræði hefur áhrif til lækkunar sem nemur 38 mö.kr.
- Innleiðingu breytinga sem varða markaðsáættu hefur verið frestað til ársins 2027. Áætlað er að þær breytingar leiði til hækkunar áhættugrunns.


Eiginfjárkröfur

Eiginfjárlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,4%	1,8%	2,5%
Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R	5,9%	7,8%	10,5%
Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu	1,9%	1,9%	1,9%
Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	3,0%	3,0%	3,0%
Sveiflujöfnunarauki	2,4%	2,4%	2,4%
Verndunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G	9,8%	9,8%	9,8%
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	15,7%	17,6%	20,3%
Eiginfjárlutfall alls	21,2%	22,0%	24,8%

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu.
- Staða samstæðunnar samkvæmt CRR er reikningsskilaleg samstæða Landsbankans, án dótturfélaga í váttryggingarstarfsemi.
- Vogunarlutfall er 13,6% í lok árs og er til marks um mikinn fjárhagslegan styrkleika bankans.

Samsetning eiginfjár og heildarkrafa um eiginfjárgrunn




Áhættuvegnar eignir



Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur



- Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2025 og er skv. lögum sú hærri af:
- Áhættutengt:**
 $2 \times (\text{Stoð I} + \text{Stoð II-R}) + \text{Samanlögð krafa um eiginfjáruka (CBR)}$
- Vogunartengt:**
 $2 \times \text{Lágmarkskrafa um vogunarlutfall (3,0\% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)}$
- Skilavaldið leggur jafnframt á sérstaka MREL-kröfu um undirskipaða fjármögnun sem nemur 13,5% af áhættugrunni, sem hlutfall af áhættugrunni bankans, en bankinn þarf að uppfylla þá kröfu frá og með 4. október 2027.
- MREL-krafa gagnvart Landsbankanum er 30,8% af áhættugrunni eða sem nemur 453,7 mö.kr. í lok árs 2025.
- MREL-fjármögnun bankans er samtals 596,3 ma.kr. í lok árs 2025, eða sem jafngildir 40,5% af áhættugrunni.
- MREL-krafa um undirskipan gagnvart Landsbankanum er 23,3% af áhættugrunni, eða sem nemur 343,2 mö.kr. í lok árs 2025.
- MREL-undirskipuð fjármögnun bankans er samtals 406,7 ma.kr. í lok árs 2025, eða sem nemur 27,6% af áhættugrunni.
- Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
- Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfur á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).



Arðgreiðslur

Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð

Arðgreiðslutillaga 2026

- Bankaráð hyggst leggja fram tillögu til aðalfundar um reglulega arðgreiðslu sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2025.
- Bankaráð er jafnframt með til skoðunar að leggja fram tillögu um sérstaka arðgreiðslu.


Arðgreiðslur 2025

- Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. mars 2025, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2024 sem nemur 0,80 krónum á hlut og að arðgreiðslan yrði tvískipt. Arðgreiðslurnar námu hvor um sig 0,4 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 26. mars sl. og sú síðari þann 17. september. Arðgreiðslur ársins námu því í heild 18.891 milljón króna.


Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

Arðgreiðslur



Breyting á almennu eiginfé þáttar 1 (e. CET1)



Almennt eigið fé þáttar 1	301,0	38,0		-19,0	-9,1	0,9	311,8
Áhættugrunnur	1.401,0		14,2		57,8		1.473,0




A monochromatic photograph of a family of three sitting on a grassy cliff overlooking the ocean. The father is on the left, smiling, wearing a dark jacket and light pants. The mother is on the right, wearing a quilted jacket and light pants, looking down at a baby sitting between them. The baby is wearing a light-colored hat and a dark sweater. The background shows the ocean and distant hills under a clear sky.

Viðauki


Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Greiningardeild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 15% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (2024: 15%-70%-15%).


Hagvöxtur




Atvinnuleysi




Verðbólga




Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)



EUR / ISK



Íbúðaverð breyting milli ára



Kennitölur

	2025	2024	2023	2022	2021
Hagnaður eftir skatta	38.015	37.508	33.167	16.997	28.919
Arðsemi eiginfjár eftir skatta	11,6%	12,1%	11,6%	6,3%	10,8%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	1,7%	1,8%	1,7%	1,0%	1,7%
Heildareignir	2.324.939	2.181.759	1.960.776	1.787.024	1.729.798
Hreinar vaxtatekjur	62.087	57.197	57.559	46.464	38.953
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,7%	2,7%	3,0%	2,7%	2,3%
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	150,8%	147,1%	155,5%	159,6%	154,1%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	34,3%	32,4%	33,7%	46,8%	43,2%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna	1,3%	1,3%	1,4%	1,4%	1,4%
Eigið fé samtals	343.773	324.649	303.754	279.091	282.645
Eiginfjárlutfall alls	24,8%	24,3%	23,6%	24,7%	26,6%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	40,5%	38,2%	37,9%	40,4%	
Heildarlausafjárþekja	180%	164%	181%	134%	179%
Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022)	1386%	951%	1499%	351%	556%
Lausafjárþekja ISK	122%	133%	129%	99%	120%
Fjármögnunarþekja	126%	124%	123%	117%	121%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	163%	143%	145%	132%	142%
Stöðugildi	930	822	802	813	816

	4F 2025	3F 2025	2F 2025	1F 2025	4F 2024
	8.560	11.133	10.382	7.940	10.600
	10,1%	13,5%	13,0%	10,0%	13,3%
	1,5%	1,9%	1,8%	1,4%	1,9%
	2.324.939	2.297.601	2.305.038	2.257.092	2.181.759
	12.718	16.907	17.662	14.800	13.107
	2,2%	2,9%	3,1%	2,7%	2,4%
	150,8%	148,4%	147,5%	145,7%	147,1%
	42,2%	28,5%	33,3%	38,7%	32,8%
	1,4%	1,1%	1,3%	1,4%	1,3%
	343.773	335.213	324.079	313.698	324.649
	24,8%	24,0%	24,0%	23,6%	24,3%
	40,5%	39,2%	38,3%	38,1%	38,2%
	180%	229%	234%	221%	164%
	1386%	1236%	661%	1197%	951%
	122%	121%	120%	106%	133%
	126%	128%	125%	123%	124%
	163%	173%	168%	161%	143%
	930	948	927	926	822



Rekstur

	2025	2024	2023	2022	2021
Hreinar vaxtatekjur	62.087	57.197	57.559	46.464	38.953
Hreinar þjónustutekjur	12.561	11.405	11.153	10.623	9.483
Afkoma af váttryggingarsamningum	1.748				
Hrein virðisbreyting	-1.150	-2.772	-3.120	2.473	7.037
Aðrar rekstrartekjur	8.965	13.873	8.256	-6.307	6.857
Rekstrartekjur samtals	84.211	79.703	73.848	53.253	62.330
Laun og launatengd gjöld	18.100	16.534	15.866	14.474	14.759
Annar rekstrarkostnaður	11.163	10.202	10.092	9.289	9.105
Skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	2.739	2.597	2.290	2.097	2.013
Rekstrargjöld samtals	32.002	29.333	28.248	25.860	25.877
Hagnaður fyrir skatta	52.209	50.370	45.600	27.393	36.453
Tekjuskattur	14.194	12.862	12.433	10.396	7.534
Hagnaður tímabilsins	38.015	37.508	33.167	16.997	28.919

4F 2025	3F 2025	2F 2025	1F 2025	4F 2024
12.718	16.907	17.662	14.800	13.107
3.377	2.979	3.201	3.004	3.337
1	708	769	270	
1.789	-2.864	256	-331	-754
2.506	4.256	786	1.417	5.411
20.392	21.986	22.674	19.160	21.100
5.065	3.869	4.700	4.465	4.529
2.794	2.533	2.769	3.068	2.633
712	658	699	671	642
8.571	7.060	8.168	8.204	7.804
11.821	14.926	14.506	10.956	13.296
3.261	3.793	4.124	3.016	2.696
8.560	11.133	10.382	7.940	10.600



Efnahagur

	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	125.527	129.981	-4.454	-3%
Markaðsskuldabréf	193.260	139.104	54.156	39%
Hlutabréf	30.554	32.644	-2.090	-6%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	41.084	39.346	1.738	4%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.884.305	1.807.437	76.868	4%
Aðrar eignir	50.210	33.247	16.963	51%
Eignir samtals	2.324.939	2.181.759	143.180	7%
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	20.272	11.989	8.283	69%
Innlán frá viðskiptavinum	1.249.306	1.228.444	20.862	2%
Lántaka	577.268	529.150	48.118	9%
Aðrar skuldir	79.972	47.538	32.434	68%
Víkjandi lántaka	54.348	39.989	14.359	36%
Eigið fé	343.773	324.649	19.124	6%
Skuldir og eigið fé samtals	2.324.939	2.181.759	143.180	7%

31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
75.350	42.216	82.425
148.182	125.265	150.435
19.012	19.106	33.347
54.101	28.621	47.231
1.630.894	1.544.360	1.387.463
33.237	27.456	28.897
1.960.776	1.787.024	1.729.798
29.968	6.634	10.425
1.048.537	967.863	900.098
513.687	476.864	486.042
44.654	34.819	29.803
20.176	21.753	20.785
303.754	279.091	282.645
1.960.776	1.787.024	1.729.798

Starfsþættir

1.1.2025 - 31.12.2025	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskiptavakt	TM	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	21.097	31.246	490	7.808	294	504	648	62.087
Hreinar þjónustutekjur	4.102	3.319	5.915	-504	0	-91	-180	12.561
Afkoma af vátryggingarsamningum	0	0	0	0	1.304	0	444	1.748
Hrein virðisbreyting	-737	-384	-3	-1	-25	0	0	-1.150
Aðrar tekjur og (gjöld)	148	-979	-530	6.654	977	2.898	-203	8.965
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	24.610	33.202	5.872	13.957	2.550	3.311	709	84.211
Rekstrargjöld	-7.683	-3.845	-2.559	-876	-583	-13.453	-264	-29.263
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-1.162	-529	-12	-1.015	0	-21	0	-2.739
Útskiptur kostnaður	-4.734	-3.394	-1.440	-1.356	0	10.924	0	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	11.031	25.434	1.861	10.710	1.967	761	445	52.209
Tekjuskattur	-3.149	-6.784	-784	-2.974	-360	-143	0	-14.194
Hagnaður (tap) tímabilsins	7.882	18.650	1.077	7.736	1.607	618	445	38.015
Eignir samtals	939.978	935.636	13.421	816.387	59.038	17.786	-457.307	2.324.939
Skuldir samtals	860.611	771.937	9.216	755.556	25.258	15.895	-457.307	1.981.166
Úthlutað eigið fé	79.368	163.700	4.204	60.831	33.780	1.890		343.773



Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissupáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.



Traustur banki
fyrir farsæla framtíð